

## **Greinargerð borgarfulltrúa Flokks fólksins með umræðu um langa biðlista eftir sálfræði- og talmeinaþjónustu í Reykjavík**

Nýlega kom út ársskýrsla velferðarsviðs. Í skýrslunni eru birtar upplýsingar um algengustu ástæður tilvísana eftir faglegri þjónustu fyrir börn. Langmesta aukningin milli ára er vegna tilfinninga- og félagslegs vanda (kvíða, depurðar, einmanaleika) eða um 63%, og vegna málþroskavanda, 62%. Börnum með hamlandi einbeitingarvanda hefur fjölgað frá 280 í 456 börn. Fjölgun tilvísana/beiðna vegna vitsmunaproskavanda hefur einnig aukist, t.d. vegna lesskilningsvanda. Biðlisti barna eftir fagfólki skólanna telur nú 2017 og lengist stöðugt.

Fagleg þjónusta sem beðið er eftir:

Meirihluti barnanna á biðlistanum eru að bíða eftir sálfræðiviðtölum og eftir að fá skimun/greiningu sem kennarar, fagfólk og foreldrar telja nauðsynlegt til að hægt sé að veita þeim þjónustu út frá einstaklingsþörfum. Þá þurfa kennarar og foreldrar einnig ráðgjöf og stuðning til að koma megi sem best til móts við barnið. Stór hópur barna bíður einnig eftir að fá þjónustu talmeinafræðinga.

Börn með málþroskavanda fá takmarkaða þjónustu talmeinafræðings í leikskóla og næst ekki að hjálpa nema ákveðnum fjölda með fullnægjandi hætti. Gera þarf bragarbót á þessu og fjölga bæði tímum í leikskólanum og bjóða síðan upp á áframhaldandi meðferð og eftirfylgd talmeinafræðinga þegar komið er í grunnskóla. Málþroski snertir fjölmargt í lífi barnsins. Góður málþroski er undirstaða bóklegs náms og hefur áhrif á tjáningu og almennt félagsleg samskipti.

Vandinn hverfur ekki þótt hann sé hunsaður:

Ef tilfinninga-, vitsmuna- og/eða félagslegur vandi barna er hunsaður, hverfur hann ekki. Því lengur sem börn bíða án viðeigandi þjónustu aukast líkur á að vandi þeirra taki á sig alvarlegri myndir og verði jafnvel flóknari og erfiðari viðureignar. Ef barn fær ekki greiningu og viðeigandi úrræði vegna vitsmunaproskavanda má telja víst að sjálfsmynd þess beri hnekki og námslegt sjálfsöryggi dvínar. Málþroskaröskun eða önnur talmein sem ekki fá fullnægjandi meðhöndlun geta haft afar neikvæð áhrif á sjálfsmynd barnsins og dregið úr félagslegu öryggi þess.

Verið er að leika sér að eldinum með því að láta börn sem glíma við röskun eða vanlíðan af einhverjum orsökum bíða eftir að fá aðstoð. Ef börnum er ekki hjálpað með andlega vanlíðan má vænta þess að kvíði og depurð aukist og leiði jafnvel til sjálfsskaða eða neysluhegðunar. Biðin er foreldrunum ekki síður erfið og óvissan með öllu óþolandi.

Fjölmörg dæmi eru um að börn hafa beðið í 2 ár á biðlista eftir að fá faglega þjónustu skóla og útskrifast jafnvel úr grunnskóla án þess að fá fyrstu hjálp. Efnaminni foreldrar hafa ekki ráð á að kaupa þjónustu sjálfstætt starfandi sálfræðinga. Leiða má að því líkum að ákveðinn hópur barna með náms-, félags- og tilfinningalegan vanda haldi út í lífið án þess að hafa fengið nokkra aðstoð eða hjálp.

Skortur á sálfræðingum:

Aukning á biðlistum kemur til af tvennu, fjölgun beiðna eftir aðstoð og að ekki hafa verið ráðnir nægilega margir fagaðilar til að takast á við fjölgunina. Stöðugildum sálfræðinga hjá skólum hefur ekki fjölgað árum saman. Núna er skortur á sálfræðingum um land allt og má án efa rekja ástæðu þess til launamála. Leysa þarf þessi mál með öllum ráðum og dáð. Fjölga þarf sálfræðingum til muna. Skólar eru misstórir og þarfir þeirra mismunandi eftir sálfræði- og talmeinaþjónustu. Algengt er að sálfræðingur sinni 1-3 skólum eftir stærð og þörfum.

Flokkur fólksins hefur barist árum saman fyrir því að aðsetur sálfræðinga verði alfarið út í skólunum en ekki á þjónustumiðstöðvum. Skólastjórnendur hafa kallað eftir meiri nálægð við fagfólk skólanna. Gjá hefur myndast á milli barna og sálfræðiþjónustu og hana þarf að brúa. Sálfræðingar geta auðveldlega sinnt þverfaglegu starfi þótt aðsetur þeirra sé í skólum en ekki á þjónustumiðstöðvum. Í skólunum eru sálfræðingarnir nálægt börnum og til stuðnings og ráðgjafar við kennara og starfsfólk. Með þeim hætti má telja víst að þeir komist einnig yfir fleiri verkefni enda fer tími í að aka á milli þjónustumiðstöðva og skóla. Kostnaður við ferðir sálfræðinga milli þjónustumiðstöðva og skólanna hleypur á 3 milljónum á ári. Þessa fjárhæð mætti spara og nota frekar í kostnað við nýtt stöðugildi sálfræðings.

Tillögur framlagðar af borgarfulltrúa Flokks fólksins:

Borgarfulltrúi Flokkur fólksins hefur rætt þessi mál nánast sleitulaust frá árinu 2018 og lagt fram tillögur til úrlausnar. Meðal tillagna Flokks fólksins sem lagðar hafa verið fram nánast á hverju ári þegar fjárhagsáætlun er lögð fram er að fjölga sálfræðingum. Ná þarf niður þessum langa biðlista og ráða nægjanlega marga fagaðila til að halda honum í eðlilegu horfi. Bið í 4-6 vikur að jafnaði myndi teljast eðlileg bið. Með hagræðingu og breyttu skipulagi á vinnu og aðsetri sálfræðinga má telja víst að þeir komist einnig yfir fleiri verkefni.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins lagði til árið 2020 að skólaþjónustan komi á formlegu samstarfi við Þroska- og hegðunarstöð (PHS) í þeim tilgangi að vinna saman að málum barna þar sem t.d. aðkoma barnalæknis er nauðsynleg. Þetta á sérstaklega við í málum barna sem eru með ADHD röskun. Með samstarfi sem þessu myndi léttu mjög á biðlistum á öllum stigum þjónustunnar.

Yfirlýsing í skóla- og frístundaráð og aðsetursskipti:

Einnig hefur verið lögð fram tillaga um að utanumhald sálfræðinga í skólum færist undir skóla- og frístundasvið. Í dag er hún undir velferðarsviði. Með því að færa sálfræðinga skóla undir skóla- og frístundasvið komast þeir í betri tengingu við skólana, börnin og kennara. Í raun má segja að það séu engin haldbær rök fyrir því að skólaþjónusta tilheyri ekki því sviði sem rekur skólanna. Með þessari breytingu aukast líkur á meiri skilvirkni, skipulagi og framkvæmd á stuðningi við börn. Áður hefur verið nefnd tillaga um að skólasálfræðingar hafi aðsetur í skólunum en ekki á þjónustumiðstöðvum. Þessi tillaga miðar að því að styrkja formlegar stoðir og innviði skólakerfisins til að hægt sé að sinna börnum og kennurum betur og ekki síst til að eiga betri möguleika á að minnka biðlista.

Ábyrgðin er okkar allra:

Börn hafa ekki sterka rödd, eru ekki hávæð hópur eðli málsins samkvæmt. Foreldrar þeirra eru einnig í misjafni stöðu til að láta heyra í sér. Flokkur fólksins hefur ítrekað bent á að málefni barna verði að hafa meiri forgang í Reykjavík. Það er ótækt að börn með vanlíðan séu sett á bið. Hundruð barna eru að bíða eftir allri mögulegri þjónustu á vegum Reykjavíkurborgar. Biðlistavandi Reykjavíkurborgar er rótgróið mein sem aldrei hefur verið ráðist til atlögu á með markvissum hætti.

Börn og aðrir viðkvæmir hópar eiga einfaldlega ekki að þurfa að bíða eftir aðstoð af þessu tagi. Of mikið er í húfi. Hér eiga valdhafar að sjá sóma sinn í og forgangsraða fjármunum í þágu þjónustu við fólk. Við eigum að geta gert kröfu um að börn hafi gott aðgengi að allri þjónustu borgarinnar þar með talið sálfræðiþjónustu skólanna. Börn Reykjavíkur eru börnin okkar allra. Borgarstjórn öll á að axla ábyrgð, líka þeir sem eru í forsvari fyrir öðrum ráðum og sviðum sem hafa ekki endilega velferð barna á herðum sér.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins væntir þess að hægt verði að hafa faglega og innihaldsríka umræðu um alvöru aðgerðir sem miða að styttingu biðlista barna til sálfræðinga og talmeinafræðinga þannig að ekkert barn bíði lengur en 4-6 vikur eftir hjálp.